

Landmótun ehf
Yngvi Þór Loftsson
Hamraborg 12 5h
200 Kópavogur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 25. ágúst 2010
Tilvísun: UST20100300121/ksj

Tillaga að Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010 - 2022

Vísað er til erindis Landmótunar er barst 18. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um aðalskipulag Skaftárhrepps 2010-2022. Erindinu fylgja skipulagsgreinargerð, umhverfisskýrsla og landnotkunaruppdrættir fyrir sveitarfélagið og þéttbýlið á Kirkjubæjarklaustri

Stækkun Vatnajökulspjóðgarðs

Umhverfisstofnun tekur undir tillögur um stækkun þjóðgarðsins og stefnu aðalskipulags Skaftárhrepps um friðlýst svæði, og að ávinningur sé af því að afmarka meira land en minna innan þjóðgarðsins og tryggja þannig heildstæðari mörkun landslagsheild

Jarðminjagarður

Umhverfisstofnun tekur undir frumhugmyndir um stofnun jarðminjagarðs sem tekur til Skaftáreldahrauns og mikilvægra náttúru- og söguminja sem liggja næst hrauninu.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögu að aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010 – 2022

Vatnajökulspjóðgarður, hverfisverndarsvæði og svæði á náttúruminjaskrá

Í umfjöllun um breytingar á svæðisskipulagi Miðhálandisins 2015 segir: „Niðurfelling hverfisverndarsvæða og svæða á náttúruminjaskrá sem eru innan Vatnajökulspjóðgarðs.“

Umhverfisstofnun bendir á að svæði sem er á náttúruminjaskrá fellur ekki út af skránni fyrir en ný skrá verður auglýst eða breyting á skránni er auglýst í stjórnartíðindum.

Umhverfisstofnun leggur til að í stað ofangreindar setningar komi eftirfarandi texti. *Lagt er til að hverfisverndarsvæði og svæði á náttúruminjaskrá sem eru innan svæðis sem tillaga er um að fari undir Vatnajökulspjóðgarð, verði hluti af þjóðgarðinum.*

Í umfjöllun um svæði innan sveitarfélagsins sem njóta verndar eða eru á náttúruminjaskrá, kemur fram að svæðin Grænifjallgarður, Emstra, Fjallabak og Eldgjá, sem eru á náttúruminjaskrá verði hluti Vatnajökulspjóðgarðs. Að mati Umhverfisstofnunar lýsir það ekki breytingunni að segja að svæðin „falli út við stækkun Vatnajökulspjóðgarðs“ eins og

kemur fram í skipulagstillögunni, sbr. ofangreint falla svæði sem eru á náttúruminjaskrá ekki út af skránni fyrr en ný skrá verður auglýst eða breyting á skránni er auglýst í stjórnartíðindum. Umhverfisstofnun leggur því til að texta verði breytt í tillögunni þar sem segir að ofangreind svæði falli út, eða að þau falli úr gildi, og í staðinn komi texti um að þau verði hluti af Vatnajökulspjóðgarði.

Hverfisverndarsvæði

Umhverfisstofnun tekur undir skilgreiningu hverfisverndarsvæða. Umhverfisstofnun gerir tillögu um að allt Skaftáreldahraun verði skilgreint sem hverfisverndarsvæði, þar sem með verndun Skaftáreldahrauns í heild yrði samfelld landslagsheild afmörkuð sem gerir verndina mun heildstæðari, sbr. kort yfir Skaftáreldahraun er fylgir með skipulagstillögunni.

Í umfjöllun um hverfisverndarákvæði sem sett eru um landnotkun, umgengni og mannvirkjagerð á hverfisverndarsvæðum kemur fram að: „*Þurfi að reisa mannvirki s.s. fjallasel, fjarskiptastöðvar eða aðrar sambærilegar byggingar á svæðinu, skal það gert skv. ákvæðum skipulags- og byggingarlaga um breytingar á aðalskipulagi.*“ Að mati Umhverfisstofnunar ætti að bæta við ákvæðum 37. gr og 38. gr laga nr. 44/1999 um náttúruvernd við ofangreinda upptalningu.

Skógrækt

Að mati Umhverfisstofnunar er æskilegt að í greinargerð kæmi fram á þemakorti, á hvaða svæðum er hafin eða stefnt er að skógrækt. Einnig vill Umhverfisstofnun bæta við greinargóða yfirferð um sérgreind markmið í umfjöllun um skógrækt, og minna á að í 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda segir. „*Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó.*“

Efnistökusvæði

Í greinargerð er listi yfir efnistökusvæði í sveitarfélaginu. Af námunum eru níu merktar sem fullfrágengnar námur. Umhverfisstofnun telur að fullfrágengnar námur séu ekki lengur efnistökusvæði og eigi því ekki að vera á listanum. Á listanum eiga að mati stofnunarinnar aðeins að vera svæði, þar sem áætluð er efnistaka á tímabilinu sem aðalskipulagstillagan nær yfir. Einnig þarf að mati stofnunarinnar að koma fram hve mikil efnistaka er áætluð á hverjum efnistökuastað á skipulagstímabilinu.

Sorpförgunarsvæði

Í kafla yfir sorpförgunarsvæði kemur fram að endurnýjað starfsleyfi fyrir sorpurðun og móttöku á Stjórnarsandi verði afgreitt snemma sumars 2010. Staðfest deiliskipulag fyrir svæðið liggur ekki fyrir og umhverfisráðuneytið er nýbúið að framlengja undanþágu fyrir staðinn Stjórnarsand og gildir hún til 1. maí 2011.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. úttekt stofnunarinnar skortir olfuskiljur við oliutank sorporkustöðvarinnar við grunnskólann á Kirkjubæjarklaustri og einnig skortir mengunarvarnir á sorpbrennslustöðina, stofnunin telur mikilvægt að úr þessu verði bætt hið fyrsta.

Frístundabyggð

Í umfjöllun um þéttbýlið á Kirkjubæjarklaustri kemur fram að við Hæðagarðsvatn hefur verið skilgreint svæði fyrir frístundahús, þar sem fyrir liggur samþykkt deiliskipulag og þegar hafa

verið byggðir 20 bústaðir og 36 lóðir eru óbyggðar. Umhverfisstofnun minnir á að aðgengi almennings skal tryggt meðfram sjó, ám og vötnum skv. 23. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd en þar segir: „*Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár-, eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna.*“

Iðnaðarsvæði

Stefna skipulagstillögunnar felur í sér að gera ráð fyrir nokkrum virkjanakostum innan Skaftárhrepps. Virkjunarkostirnir eru eftirfarandi:

Hólmsárvirkjun í Skaftártungu með miðlunarlóni í Atley. Afl allt að 70MW (Í rammaáætlun er gefið upp afl 48 MW) og 10 km² lón. Hólmsárvirkjun við Atley austan Sandfellsjökuls nýtir fall í Hólmsá frá Atley og niður á Flöguvelli við Flöglón. Í umhverfisskýrslu töflu 3.1.3 kemur fram að stíflun Hólmsár muni valda sjónrænum áhrifum og valda neikvæðum áhrifum á víðernisupplifun vegna breyttrar ásýndar. Einnig kemur fram að breyting yrði á sumarrensli í Hólmsá sem hefði þau áhrif að áin yrði svipminni. Í umfjöllun um áhrif Hólmsárvirkjunar kemur einnig fram að hraun Hólmsárelda og Eldgjár á láglandinu vestan Atleyjar fara undir lónið en ofangreind hraun njóta sérstakrar verndar skv. lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun bendir á að gerð lóns á nútímahrauni gefi neikvæða mynd af svæði þar sem ætlunin er að þróa jarðminjagarð (geopark), enda yrði lón við Atley á milli helstu lykilsvæða í fyrirhuguðum jarðminjagarði í Skaftárhreppi sem eru svæði 1 og 2. Einnig kemur fram að gróið land m.a. birkikjarr muni fara undir lónið. Umhverfisstofnun bendir á að í riti umhverfisráðuneytisins: **“vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga”** kemur fram að flatarmál upprunalegra birkiskóga nú á tímum er áætlað um 1.200 ferkílómetrar en er talið hafa verið 25.000 – 30.000 ferkílómetrar við landnám. Þetta þýðir að útbreiðsla birkiskóga nú er 5% af því sem hún var við landnám. Í dag þekja náttúrulegir birkiskógar 1,2 % af landinu. Í áður nefndri skýrslu kemur fram að lagt er til að *“Sett verði opinbert markmið um að birkiskógar þeki í framtíðinni 10% af flatarmáli landsins”* og að *“Við endurheimt birkiskóga verði lögð áhersla á stór, samfelld svæði.”* Í skýrslu umhverfisráðuneytisins kemur enn fremur fram að meðal helstu ógna sem steðja að íslenskum birkiskógum sé að *“birkiskógum er raskað eða eytt vegna framkvæmda og má í því tilliti nefna ruðning birkiskóga vegna vegagerðar, stækkunar þéttbýlis og frístundabyggðar”*. Í niðurlagi skýrslunnar eru tillögur ásamt greinargerð þar sem segir *“Fyrir framtíð birkivistkerfisins á Íslandi telur nefndin mikilvægt að vernda birkiskóga sem fyrir eru og auka útbreiðslu þeirra.”* Lögð er áhersla á að *“Gamlir íslenskir birkiskógar eru auðlind, sem fela í sér bæði náttúru og nýtingararfleifð sem ekki er annars staðar að finna.”* Samkvæmt 39. gr. laga um náttúruvernd skal Umhverfisstofnun ásamt Skógrækt ríkisins vinna að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar.

Í heildarniðurstöðu umhverfisáhrifa fyrir Hólmsárvirkjun eru áhrif á náttúru talin óviss eða engin. Að mati Umhverfisstofnunar er ljóst eins og að framan greinir að áhrif virkjunar í Hólmsá yrðu að einhverju leyti neikvæð en óvissa ríkir um umfang.

Búlandsvirkjun í Skaftártungu. Afl 150MW og 9,2km² lón. Gert er ráð fyrir að Skaftá sé stífluð í um 315 m hæð með lágru stíflu nokkru fyrir neðan Hólaskjól og veitt til inntaks úr Syðri Ófæru við brúna í ánni norðan við Kálfasléttur. Þaðan yrði Syðri Ófæru veitt ásamt Skaftá í göngum til miðlunarlóns á Þorvaldsaurum með yfirfallshæð í 311 m. y. s. Í umhverfisskýrslu töflu 3.1.3. kemur fram að sjónræn áhrif verða af lónstæði, skurði og frárennsli virkjunarinnar og nýjum háspennulínum frá stöðvarhúsi að Sigöldu norðan Kálfasléttna. Einnig kemur fram að framkvæmdir munu hafa neikvæð áhrif á

viðernisupplifun, og að sumarrennsli í Skaftá neðan stíflustæðis muni minnka. Í umfjöllun um áhrif virkjunar á jarðfræði og jarðmyndanir kemur fram að framkvæmdir munu hafa bein neikvæð áhrif á Skaftáreldahraun, sem Umhverfisstofnun telur neikvætt enda er það tillaga stofnunarinnar og Náttúrufræðistofnunar Íslands að Skaftáreldahraun verði friðlýst sem náttúruvætti sbr. Náttúruverndaráætlun 2004 – 2008. Auk þess er hraunið jarðmyndun er nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Áhrif á gróðurfar og dýralíf verða neikvæð sér í lagi á fugla, en á lónssvæðinu verpa 24 tegundir fugla og eru 5 þeirra á valista. Einnig kemur fram að framkvæmdin mun hafa neikvæð áhrif á vatnafar í Landbroti og Meðallandi.

Í heildarniðurstöðu um umhverfisáhrif Búlandsvirkjunar kemur fram að í skipulagstillögunni eru áhrif á náttúru talin óviss eða neikvæð. Að mati Umhverfisstofnunar yrðu áhrif virkjunar á náttúru neikvæð.


Virkjun Skaftár í landi Skálar, Skálavirkjun allt að 5MW afl og 10ha lón. Í umhverfisskýrslu töflu 3.1.3. kemur fram að lónið og stíflugarður mun valda sjónrænum áhrifum og hafa bein áhrif á jaðar Skaftáreldahrauns. Áhrifin á jaðar Skaftáreldahrauns eru að mati Umhverfisstofnunar afar neikvæð enda er það tillaga stofnunarinnar að Skaftáreldahraun verði hverfisvernduð í heild sinni.


Virkjun Hverfisfljóts við Hnútu. Afl allt að 40MW. Fram kemur í umhverfisskýrslu töflu 3.1.3. að Hnútuvirkjun muni hafa áhrif á öröskuð svæði og hafa neikvæð áhrif á viðernisupplifun og að veglagning tengd framkvæmdinni muni hafa bein áhrif á Skaftáreldahraun. Áhrifin á Skaftáreldahraun eru að mati Umhverfisstofnunar neikvæð enda er það tillaga stofnunarinnar að Skaftáreldahraun verði hverfisvernduð í heild sinni.

Í heildarniðurstöðu um umhverfisáhrif Skálavirkjunar og Hnútuvirkjunar á náttúrufar neikvæð eða engin eða óviss varðandi Skálavirkjun og neikvæð eða óviss varðandi Hnútuvirkjun. Að mati Umhverfisstofnunar yrðu áhrif framkvæmdanna við ofangreindar virkjanir á náttúru neikvæð.

Að mati Umhverfisstofnunar ætti að kann umfang umhverfisáhrifa sorpbrennslustöðvar í umhverfisskýrslu og meta áhrif útblásturs stöðvarinnar.

Virðingarfyllt


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skaftárhreppur

Skipulagsstofnun